

Samgöngusamningur

Umhverfisstofnun hvetur starfsfólk til að nýta sér vistvænan samgöngumáta til að ferðast til og frá vinnustað. Samningarnir eru tímabundnir og geta verið til heils árs eða fimm mánaða (sumarsamningar frá maí - september). Gildistími samninga skal að jafnaði vera frá 1. maí.

Með vistvænum samgöngum er átt við allan ferðamáta annan en að ferðast til og frá vinnu í einkabíl, svo sem að ganga, hjóla eða ferðast með strætisvögnum.

Það starfsfólk sem að jafnaði ferðast til og frá vinnu með vistvænum hætti í að jafnaði í 60% tilvika (þrjá daga í viku), á rétt á samgöngustyrk frá stofnuninni frá undirritun samningsins þ.e.a.s.

- Stofnunin greiðir árskort í strætisvagna fyrir starfsfólk sem að jafnaði notar strætó í og úr vinnu og býr á gjaldsvæði eitt. Stofnunin mun sjá um að kaupa og láta útbúa strætisvagnakortin (gildir einungis fyrir árssamninga).
- Stofnunin greiðir mánaðarlega samgöngustyrk að upphæð kr. 5.100,- fyrir þá sem ganga og/eða hjóla.

Stofnunin býður starfsfólki sínu einnig strætómiða fyrir styttri ferðir vegna vinnu sinnar, svo sem til að fara á fundi.

Fyrir það starfsfólk sem að jafnaði notar vistvænan samgöngumáta greiðir stofnunin leigubílakostnað í neyðartilvikum á vinnutíma, t.d. vegna veikinda barna.

Undirritaður starfsmaður og forstjóri gera með sér eftirfarandi samning um vistvænar samgöngur til og frá vinnustað. Samkomulagið er háð þeim skilyrðum sem koma fram hér að framan.

Starfsmaður velur eftirfarandi vistvænan ferðamáta:

- Að ferðast að jafnaði með strætisvagni til og frá vinnu (heilsárssamningur)
- Að hjóla eða ganga að jafnaði til og frá vinnu (heilsárssamningur)
- Að hjóla, ganga eða taka strætó (sumarsamningur)

Samningur þessi gildir frá _____ - _____ og er uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila með eins mánaða fyrirvara.

F.h. Umhverfisstofnunar

Starfsmaður